

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 944/2015 um loðnuveiðar grænlenkra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2015/2016.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða II, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I eru loðnuveiðar í flotvörpu heimilar frá gildistöku reglugerðar þessarar til og með 10. febrúar 2016 innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11' N – 014° 30' V
2. 67° 20' N – 018° 00' V
3. 68° 00' N – 018° 00' V
4. 68° 00' N – 014° 30' V

Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa skulu fylgjast náið með hlutfalli unglöðnu og meðafla í loðnuafli á framangreindu svæði. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu vera um borð í skipum á meðan á veiðum stendur skv. nánari ákvörðun Fiskistofu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. janúar 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.